

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárukalaga 2020 – 724. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að veita rúmlega 8,4 ma.kr. í félagslegar aðgerðir, þ.m.t. 2 milljörðum kr. til náms- og starfsúrræða fyrir atvinnuleitendur. BHM fagnar því að grípa eigi til aðgerða fyrir námsmenn sem eiga engan eða takmarkaðan rétt til atvinnuleysisbóta. Einnig fagnar BHM því að auka eigi við námsframboð. BHM lýsir ánægju sinni með að fjölga eigi sérhæfðu starfsfólki innan heilsugæslunnar, s.s. sálfræðingum og félagsráðgjöfum.

Námsframboð og heilbrigðisstéttir

Þar skiptir mestu að námið sé annaðhvort einingabært eða að það sé aðfara- og undirbúningsnám fyrir háskólastigið. Í þessu samhengi vísar BHM til yfirlýsingar forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og heilbrigðisráðherra frá því í febrúar 2018 sem gefin var út í tengslum við kjarasaminga við ríkið. Í henni er bent á að hár meðalaldur margra heilbrigðisstétta sé áhyggjuefni. Þar er jafnframt lagt til að gerð sé mannaflaspá fyrir heilbrigðiskerfið sem sé gert að eftirsóknarverðum starfsvettvangi. Nú er kjörið tækifæri til að tvinna saman markmið yfirlýsingarinnar og yfirstandandi aðgerðir stjórnvalda. BHM leggur til að yfirlýsing ráðherranna þriggja verði höfð til hliðsjónar við val á námsframboði, þannig að fleiri sækir sér háskólanám í greinum þar sem mest þörf er fyrir nýliðun.

Launauki og umbun samkvæmt kjarasamningum

BHM fagnar því að stjórnvöld ætli sér að greiða sérstakan launauka í formi eingreiðslu til þess heilbrigðisstarfsfólks sem staðið hefur í framlinunni í baráttunni við COVID-19. Í kjarasamningum aðildarfélaga BHM við ríkið eru ákvæði um sérstaka umbun umfram mánaðarlaun vegna sérstakra aðstæðna og tímabundins álags. Sams konar ákvæði er einnig að finna í ýmsum stofnasamningum aðildarfélaga BHM. Það skal áréttað hér að sértækar aðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldursins koma ekki í stað kjarasamningsbundinna ákvæða. BHM mun áfram beita sér fyrir því að forstöðumenn stofnana nýti úrræði kjarasamninga til að koma til móts við starfsfólk á þessum miklu álagstímum.

Staða Vinnumálastofnunar og lokunarstyrkir til fyrirtækja

Miklu máli skiptir að gerð sé tillaga um 100 m.kr. rekstrarframlag til Vinnumálastofnunar enda verður ekki séð hvernig stofnunin eigi að þjóna hlutverki sínu án þess.

BHM áréttar mikilvægi þess að svokallaðir lokunarstyrkir til fyrirtækja nái jafnframt til sjálfstætt starfandi einstaklinga á vinnumarkaði.


Aðgerðir til að efla rannsóknir, nýsköpun og þróun atvinnugreina

BHM styður áform stjórnvalda um aðgerðir til að efla nýsköpun og þróun. Bandalagið hefur lengi bent á mikilvægi opinbers stuðnings við nýsköpunarsjóði í þeim tilgangi að fjölga efnahagslegum stoðum atvinnulífsins. Aukinn skattafrádráttur til fyrirtækja vegna framlaga til rannsókna og þróunar, hærri framlög til Kríu fjárfestingasjóðs og rýmkun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða eru allt skref í rétta átt. Þá er ástæða til að fagna því sérstaklega að hækk eigi framlög til listamannalauna.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

300 m.kr. framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna er í samræmi við ábendingar BHM um ákjósanlegar aðgerðir vegna ástandsins, þó að ekki verði séð að gert sé ráð fyrir því að ríkisstofnanir geti ráðið til sín námsmenn í sérstök rannsóknarverkefni. BHM beinir því til fjárlaganefndar að gera það kleift til hagbóta fyrir námsmenn og stofnanir ríkisins.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir,
formaður BHM